

56. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrir ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

57. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

58. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

59. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Haukadalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1987.

Alexander Stefánsson.

Pórhildur Líndal.

SAMÞYKKT**um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.**

1. gr.

Hundahald er bannað í Ísafjarðarkaupstað. Heimilt er bæjarstjórn að víkja frá banni um hundahald að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklinga og er óheimilt að framselja það. Leyfið er og bundið við hund þann, sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.
- b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi skal skriflegt samþykki sameigenda fylgja umsókn.
- c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til bæjarsjóðs og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá, að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar, sem heilbrigðisráðherra staðfestir.
- d) Hundeigandi skal hafa hund sinn ábyrgðartrygðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns, sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10 000 000,00 (tíu milljónir). Vottorð um iðgjaldagreiðslu tryggingar skal framvísa þegar sótt er um undanþágu til hundahalds og þegar greitt er samkvæmt c-lið þessarar greinar.

- e) Hundurinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata þar sem í er greypt skráningarnúmer hundsins.
- f) Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur skal hann vera í taumi, í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna með hávaða eða gelti, eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt. Þegar hundar eru í festi á húsalóðum skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga um dyr íbúðarhúsa. Eigi er leyfilegt að fara með hundinn inn í skóla, íþróttahús, sjúkrahús, sundstaði, almennar skrifstofur, samkomuhús og verslanir, svo og starfsstöðvar hvaða nafni sem þær kunna að nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað. Hundeigendum bera að viðhafa hreinlæti í meðferð hunda sinna, þar á meðal þrifa eftir dýrin.
- g) Heimilt er bæjarstjórn að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar að ákveða lægra gjald fyrir nauðsynlega minkahunda, leitarhunda, smalahunda á lögbýlum og sporhunda. Af hundum sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar skal ekkert gjald greiða.
- h) Við greiðslu gjalds skv. þessari grein (c-lið 1. gr.) ber hundeiganda að sýna vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki sem máli skipta samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Slík vottorð skulu ekki vera eldri en 4ra vikna.

2. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal leggja fram til bæjarstjórnar, eða fulltrúa hennar, á þar til gerðum eyðublöðum. Með umsókn skal fylgja litmynd af hundinum. Umbeðið leyfi skal aðeins gefið út að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá heilbrigðisnefnd. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Senda skal embætti bæjarfógeta á Ísafirði afrit af leyfisbréfi. Leyfishafi skal fá afhenta merktu plötu sbr. e-lið 1. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

3. gr.

Hundaeftirlitsmaður skal vera starfandi í Ísafjarðarkaupstað. Skal hann gefa bæjarstjórn eða fulltrúa hennar, sem með þessi mál fer, skriflega skýrslu um afskipti sín af hundum sem hann þarf að hafa afskipti af. Hundaeftirlitsmaður skal starfa í samráði við heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúa. Heilbrigðisnefnd setur nánari starfsreglur fyrir hundaeftirlitsmann.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, afturkallast leyfið sjálfkrafa. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf. Við fyrsta brot, ef lítilvægt er, skal veita viðkomandi skriflega áminningu.

5. gr.

Þeir hundar sem ekki er leyfi til að halda, eða hundar sem ganga lausir utanhúss, skulu handsamaðir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundar geymdir í allt að 7 daga meðan eigendum gefst kostur á að leysa þá út gegn framvísun leyfis, eða koma þeim fyrir til frambúðar, utan marka kaupstaðarins.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum, samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur hverju sinni. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að leysa þá út, eða koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan 7 daga frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflifaðir.

6. gr.

Hættulega hunda og hunda sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisfulltrúi taka ákvörðun um það hvernig með skuli fara og geta þeir afturkallað leyfi og fyrirskipað aflifun hunds og skal hún fara fram að höfðu samráði við dýralækni.

7. gr.

Um önnur atriði svo og brot gegn samþykkt þessari eða gegn reglum settum samkvæmt þeim fer skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit samanber og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Ísafjarðarkaupstað frá 20. júlí 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

- a) Allir hundeigendur í Ísafjarðarkaupstað skulu láta skrá/endurskrá hunda sína samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessarar samþykktar.
Að liðnum 3 mánuðum frá gildistöku samþykktar þessarar skal fara með alla óskráða hunda samkvæmt ákvæði 6. gr.
- b) Eindagi leyfisgjalds fyrir árið 1987 eru 3 mánuðir frá gildistöku samþykktarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía P. Magnúsdóttir.

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald í Ísafjarðarkaupstað**

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar sbr. 7. lið 1. gr. samþykktar um hundahald í Ísafjarðarkaupstað frá 15. júní 1987 skal vera 400 kr. fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði árið 1987. Gjaldið greiðist fyrir fram allt tímabilið.

2. gr.

Gjald fyrir töku á hundum sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Ísafjarðarkaupstað skal vera kr. 2 000 í fyrsta skiptið, kr. 3 500 í annað skiptið og kr. 5 000 í þriðja skiptið.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía P. Magnúsdóttir.